

Stjórnarfundur STEFs 12. desember 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 12. desember 2024 að Laufásvegi 40 kl. 12:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Bragi Valdimar Skúlason og Halldór Smárasonar. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 20. nóvember fram lögð (svo og útdráttur) og samþykkt.
2. Lit yfir starfseminu frá síðasta stjórnarfundum lagt fram. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

a) Tölvupóstur sem sendur til stjórnar milli funda vegna samningaviðræðna við SÝN.

Framkvæmdastjóri fékk umboð til að ganga frá samkomulagi við SÝN á þeim grundvelli sem kynntur var í ofangreindum tölvupósti.

b) Rafrænt fréttabréf STEFs.

Undir þessum lið var nokkuð rætt um tónlistarstefnu RÚV, en drög að henni voru kynnt nýlega. FTT og TÍ munu senda RÚV umsögn sína um tiltekin atriði þessara draga. Á fundinum var einnig rætt nokkuð um safnkost RÚV og hversu erfitt sé að fá aðgang að safninu. Í því eru fólgin mikil menningarverðmæti. Þá þurfi þeir sem óski eftir að fá aðgang að tilteknu efni að greiða sérstaklega fyrir að það sé gert rafrænt. Ákveðið var að skrifa bréf til RÚV vegna þessa og skora á stofnunina að auðvelda aðgengi að safninu. Í þessu sambandi var einnig nefnt að gott væri ef RÚV væri með birta stefnu um aðgang tónlistarfólks að hljóðritunum verka sinna sem höfundar eða flytjendur, þannig að það lægi skýrt fyrir hvort og þá með hvaða skilmálum viðkomandi aðilar gætu t.d. gefið efnið út, en oft eru hljóðritanir RÚV einu hljóðritanirnar sem til eru af viðkomandi verkum.

3. Úthlutanir ársins 2024.

Lagt var fram:

- a) Yfirlit yfir allar úthlutanir ársins.
- b) Ýmiskonar tölfræði ársins.
- c) Yfirlit yfir þróun úthlutana frá 2017-2024.
- d) Aðalúthlutun og miðsumarsúthlutun 2024, sundurliðun.

Aðalúthlutun ársins hefur nú að fullu farið fram, en hún tekur til opinbers flutnings innanlands, svo sem í útvarpi, sjónvarpi, sem og bakgrunnstónlistar hvers konar. Desemberhluti aðalúthlutunar felur einnig í sér nokkra sértæka liði, svo sem frumflutningsálag og þóknun v. eintakagerðar til einkanota (IHM) o.fl. Vert er að hafa í huga, að aðalúthlutun er greidd út í tvennu lagi, annars vegar miðsumars (sk. miðsumarsúthlutun) og hins vegar í desember. Í ár nam aðalúthlutun samtals u.þ.b. 297,5 milljónum, en þar af var miðsumarsúthlutunin 149,5 milljónir. Í fyrra nam aðalúthlutun alls um 253 milljónum, þannig að hækkunin á milli ára er 17,4%.

Innlendar úthlutanir ársins voru 12 talsins. Námu þær samtals um 614,8 milljónum. Auk þess var 236,6 milljón úthlutað til erlendra réttihafa, þannig að alls var úthlutað 851,5 milljónum í ár, sem er metúthlutun; 7% hækkun frá því í fyrra. Að auki var 35 milljónum úthlutað úr sjóðum STEFs á árinu. Vert er að benda á að lækkun milli ára v. flutnings erlendis stafar af því að nokkur stór systurfélög greiddu óvenju mikið til okkar í fyrra, vegna tafa sem urðu á greiðslum frá þeim árið áður.

Engar athugasemdir komu frá stjórn vegna úthlutana ársins.

4. Erindi frá Barða Jóhannssyni vegna lagastuldar í BNA.

Farið var yfir erindi Barða og samþykkt að veita honum styrk vegna lögfræðiaðstoðar að tilteknu hámarki.

5. Undirbúningur aðventufundar fulltrúaráðs.

Rætt var stuttlega um fulltrúaráðsfund STEFs sem fram fer þann 17. desember nk.

6. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 14:00.
